

Nd.

746. Nefndarálit

[274. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur haft frumvarpið til athugunar og borið það saman við gildandi lög um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við yfirlýsingu í stjórnarsáttmála núverandi stjórnarflokka, en þar var því lýst yfir, að lög in um Framkvæmdastofnun ríkisins skuli tekin til endurskoðunar.

Eins og kunnugt er var Sjálfstæðisflokkurinn mjög andvígur lögnum um Framkvæmdastofnun ríkisins, þegar þau voru sett í tíð vinstri stjórnarinnar. Ætlun ýmissa þingmanna Sjálfstæðisflokksins mun því hafa verið að fá lög in felld úr gildi eða þeim breytt í grundvallaratriðum.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, sýnir að Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki fengið fram neinar teljandi breytingar á lögnum og hefur því orðið að falla frá öllum aðalaðfinnslum sínum varðandi skipan mála í Framkvæmdastofnun ríkisins.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að stofnunin starfi áfram og hafi með höndum öll sömu verkefni og áður. Í stað þriggja manna framkvæmdaráðs, sem áður var, eiga nú að koma forstjórar og verður tala þeirra eftir þörfum stjórnarflokkanna. „Kommissarakerfið“, sem mest var um talað, verður því áfram.

Sú formbreyting er gerð, að einni deild stofnunarinnar er skipt í tvær deildir, þ. e. a. s. áætlanadeild verður nú áætlanadeild og byggðadeild, en verkefni verða hin sömu.

Eina umtalsverða breytingin, sem gerð er á lögnum, er að nú er lagt til að tekjur Bygðasjóð verði sem nemur 2% af heildarútgjöldum fjárlagafrumvarps að frádregnu eigin starfsfé sjóðsins. Ákvæði um þetta voru í stjórnarsáttmálanum og hafa verið framkvæmd. Þó er þess að geta í sambandi við lögbindingu þessa ákvæðis, að í stjórnarsáttmálanum segir að „framlag til Bygðasjóðs nemi 2% af útgjöldum fjárlagafrumvarps“, en í frumvarpinu er framlagið ákveðið sem nemur 2% af útgjöldum fjárlagafrumvarps að frádregnum eigin ráðstöfunartekjur Bygðasjóðs. Ríkisstjórnin hefur því ekki treyst sér til að lögbinda jafnhátt framlag til sjóðsins og hún lofaði í stjórnarsáttmálanum.

Frumvarpið felur því í sér sáralitlar breytingar. Samþykkt þess skiptir því litlu máli.

Ég mun styðja sumar greinar frv., en aðrar ekki.

Alþingi, 12. maí 1976.

Lúðvík Jósepsson.